

Fundargerð verkefnisstjórnar BB í Dalabyggð, fundur haldinn á Teams 15. feb. 2022 kl. 09:00-10:35.
1. Fundur nr. 01-2022.

Mættir: Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Þorgrímur Guðbjartsson, fulltrúar íbúa. Páll Brynjarsson og Ólafur Sveinsson, fulltrúar SSV, Kristján Sturluson, fulltrúi Dalabyggðar og Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson fulltrúar Byggðastofnunar.

Dagskrá:

1. Kynning fulltrúa í stjórn
 2. Kynning á verkefninu Brothættar byggðir og stiklað á stóru í verklagi.
 3. Verkefnisstjórn, hlutverk fulltrúa, formennska, boðun funda, ritun og fleira sem okkur dettur í hug í sameiningu
 4. Staða í undirbúningi og næstu skref
 - a. samningur um verkefnið
 - b. greining á stöðu byggðarlagsins
 - c. verkefnisstjóri
 - d. Íbúáþing, tímasetning og undirbúningur
 - e. verkefnisáætlun
 5. Önnur mál
-
1. **Kynning á stjórn.** Hver fulltrúi sagði frá sér í stuttu máli.
 2. **Kynning á verkefninu Brothættar byggðir og stiklað á stóru í verklagi.** Helga og Kristján Þ. fóru yfir það helsta í verklagi Brothættra byggða. Rætt var um hvernig virkja mætti ungt fólk í verkefninu og hvernig það hefði verið gert í öðrum byggðarlögum. M.a. var rætt hvort tengja mætti Ungmennaráð Vesturlands við verkefnið. Tryggja þarf að íbúar mæti vel á íbúáþing, enda er virk þátttaka íbúa lykilatriði í verkefninu.
 3. **Verkefnisstjórn, hlutverk fulltrúa, formennska, boðun funda, ritun og fleira.** Rætt var um hlutverk verkefnisstjórnar og það helsta sem verður á hennar borði.
 4. **Staða í undirbúningi og næstu skref**
 - a. **Samningur** um verkefnið liggur fyrir af hálfu Byggðastofnunar, SSV og Dalabyggðar.
 - b. **Greining á stöðu byggðarlags** er skv. vinnulagi fastur liður í framkvæmd verkefnisins og gjarnan er unnið að henni í upphafi. Samþykkt að hefja þegar undirbúning að greiningu.
 - c. **Verkefnisstjóri.** SSV og Dalabyggð munu hefja undirbúning vegna auglýsingar um starf og ráðningar verkefnisstjóra í Brothættum byggðum Dalabyggð við fyrstu hentugleika.
 - d. **Íbúáþing.** Rætt um undirbúning og hentuga tímasetningu. Ákveðið var að halda þingið helgina 26.-27. mars n.k. undir handleiðslu Sigurborgar Kr. Hannesdóttur. Þingið verður haldið í Búðardal, nánari staðsetning ákveðin á næsta fundi. Góð mæting á þingið er ákafleg mikilvæg.
 5. **Önnur mál.**
 - a. Rætt var um hvernig standa skuli að kynningu á verkefninu. Fram kom að það er misjafnt eftir byggðarlögum og aðstæðum á hverjum stað og mikilvægt að verkefnisstjórn hugi vel að þessum þætti og móti stefnu og verklag.

- b. Ákveðið var að koma upplýsingum um tímasetningu íbúðapings á framfæri sem fyrst.
- c. Helga mun boða til fundar með Sigurborgu Kr. Hannesdóttur við fyrsta tækifæri til að fara yfir undirbúning og framkvæmd íbúðapings. Send verður Doodle-könnun.

Fleira ekki gert og fundi slitið,
Fundarritari Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun.